



## Fundur í hafnarnefnd

**2. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn laugardaginn 23. mars 2019.  
Fundur var settur kl. 13:00.**

**Mætt voru:** Halldór Rúnar Stefánsson, Agnar Jónsson og Jónas Jóhannsson. Auk þess sat Elías Pétursson fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð nýja fundarmenn velkomna til starfa.

### Fundargerð

#### 1. Breyting á gjaldskrá hafna

Fram er lagt bréf Umhverfisstofnunar er m.a. varðar ábendingu um gjald vegna móttöku og meðhöndlun á úrgangi óháð því hvort skip noti móttökuaðstöðuna eða ekki. Einnig voru lögð fram og kynnt drög að breyttri gjaldskrá.

**Bókun um afgreiðslu:** Hafnarnefnd samþykkir breyta gjaldskrá fyrir sitt leiti.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Rekstraruppgjör hafna 2018

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti rekstraruppgjör hafna vegna rekstrarársins 2018.

#### 3. Loðnubrestur

Hafnarstjóri lagði fram yfirlit yfir ætlað tekjutap hafnarinnar á Þórshöfn vegna loðnubrests. Einnig kynnti hafnarstjóri þá ákvörðun sveitarstjórnar að taka skuli upp fjárhagsáætlun 2019.

**Bókun um afgreiðslu:** Nefndin samþykkir að yfirfara fjárhagsáætlun hafna.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Starfsmannamál

Fram var lögð auglýsing vegna nýs hafnarvarðar, farið yfir málið og það rætt.

#### 5. Staða verkefna

5.1. Enn er beðið viðbragða Vegagerðarinnar vegna hafnargarðs á Bakkafirði

5.2. Nýr krani kominn upp á Þórshöfn

5.3. Nýr krani kominn á Bakkafjörð, unnið er að uppsetningu

#### 6. Önnur mál

# LANGANESBYGGÐ



6.1 Fundartími nefndar, ákveðið að fundartími skuli að jafnaði vera kl. 12:00 á föstudögum í nefndarviku.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.